

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131100030/abg


Umsögn um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu)


Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis (Umhverfis- og samgöngunefndar) dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna frumvarps til laga, sbr. þingskjal 123 – 120. mál, um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu).

Umhverfisstofnun telur umrædda breytingu til bóta, að tímamörkum vegna endurskoðunar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum verði breytt úr 10 árum í 7 þar sem algengt er að hraðar breytingar verði á sviði umhverfismála og hönnunar mannvirkja og grunnforsendur því oft mjög breyttar frá því að mat á umhverfisáhrifum fór fram.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að frjálsum félagasamtökum verði veittur aðgangur sem umsagnaraðili strax í upphafi matsferilsins (drög að matsáætlun) þannig að þeim verði tryggð aðkoma fyrr til að koma að sínum athugasemdum áður en framkvæmdin er fullhönnuð.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri